



Mosfellsbær
Bæjarstjóri, Haraldur Sverrisson
Þverholt 2,
270 Mosfellsbær

Reykjavík 13. ágúst 2021

Efni: Svar við upplýsingabeiðni um frekari gögn vegna rannsóknarborana í Þormóðsdal

Iceland Resources ehf. hefur borist beiðni Mosfellsbæjar, skiplagsfulltrúa og umhverfisstjóra, dags. 9. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir frekari gögnum vegna rannsóknarborana í Þormóðsdal. Mosfellsbær vísar í bréfinu til þess að gögn skorti til að unnt verði að skera úr um það hvort rannsóknirnar þarfnist framkvæmdaleyfis, en það sé háð mati leyfisveitanda, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar 770/2012. Vísað er til þess að gögn sem fylgdu starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis væru ófullnægjandi.

Umræddar Rannsóknirnar eru í samræmi við rannsóknarleyfi Orkustofnunar dags. 23. júní 2004, til Melmis ehf., *til leitar og rannsókna á málmum*, sem framlengt var með bréfi Orkustofnunar, dags. 20. júní 2018, til 1. júlí 2023 fyrir leyfissvæði nr. 14, Esjusvæði, þ.m.t. í Þormóðsdal, sem Iceland Resources ehf. hefur yfirtekið.

Rannsóknirnar hafa, að mati félagsins, engin áhrif á umhverfið eða breyta ásýnd þess sem fallið geta undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 5. gr. þeirra laga eða kunna að vera tilkynningarskyldar samkvæmt 6. gr. laganna með vísan til 2. tl. í flokki B og flokki C í fyrsta viðauka þeirra. Rannsóknirnar eru því ekki tilkynntar til Skipulagsstofnunar, þ.e. eru hvorki skipulagsskyldar né háðar mati á umhverfisáhrifum.

Að mati félagsins, voru umræddar vísindarannsóknir ekki leyfisskyldar, en tilkynningaskyldar til Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis með ranglegri vísan til eldri reglugerðar nr. 796/1999 sem var gert með bréfi dags. 10. júní s.l. Einnig var haft samráð við aðila máls, þ.e. landeigendur um umgegni á rannsóknarsvæðinu, til verndar gróðri og búfænaði, hrossum og um akstur eftir slóðum til að forðast hnjask.

Rétt þótti að upplýsa viðkomandi sveitarfélag, Mosfellsbæ, um hinar fyrirhuguðu rannsóknir. Það var gert á fundi með bæjarstjóra þann 10. júní sl. Á þeim fundi voru áformin kynnt um fyrirhugaðar boranir sem hefjast skyldu 15. júlí s.l. Daginn eftir fundinn með bæjarstjóra, þann 11. júní, var afrit af bréfi félagsins til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis sent Mosfellsbæ til upplýsinga í afriti á opinbert netfang sveitarfélagsins mos@mos.is kl 15:00. Þannig var bæði heilbrigðisnefnd á vegum bæjarins og sveitarfélaginu sjálfu kunnugt um hinar fyrirhuguðu rannsóknir í fyrrihluta júnímánaðar þessa árs.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 bar Mosfellsbæ, svo fljótt sem verða mátti sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnáslulaga, að veita félaginu nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sveitarfélagsins, m.a. að eftir atvikum þyrfti framkvæmdaleyfi fyrir umræddum rannsóknum. Það var ekki gert.

Heilbrigðisnefndin brást hins vegar við erindinu að því er starfsvið hennar varðaði og vísaði til þess að jarðboranir væru tíundaðar sem starfsleyfisskyld starfsemi skv. IV. viðauka (55) laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og í lið 10.4 í X. viðauka rg. nr. 550/2018 yfir tímabundna starfsemi. Það væri hlutverk Heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins [Kjósarsvæðis] að veita starfsleyfi vegna fyrirhugaðra jarðborana. Heilbrigðisnefndin framasendi hins vegar ekki erindið til bæjarstjóra, sbr. 2. mgr. 7. gr. stjórnáslulaga, enda óþarfi, þar sem þegar lá fyrir að Mosfellsbæ var kunnugt um fyrirhugaðar rannsóknir. Félagið fór að athugasemdum heilbrigðisnefndar og sótti um starfsleyfi þann 4. júlí sl.

Að undangenginni lögbundinni opinberri auglýsingu nefndarinnar, dags. 6. júlí 2021, óskaði Heilbrigðisnefnd athugasemda innan fjögurra vikna um fyrirhugaðar rannsóknarboranir. Nefndin gaf í framhaldi af því út starfsleyfi þann 4. ágúst sl. Engar athugasendir höfðu þá borist, hvorki frá Mosfellsbæ frekar en öðrum aðilum.

Iceland Resources ítrekar að engar athugasemdir bárust frá Mosfellsbæ, hvorki eftir fund með bæjarstjóra þann 10. júní, né eftir að afrit af bréfi félagsins til Heilbrigðisnefndar barst sveitarfélagin 11. júní eða að félaginu hafi verið leiðbeint um, eftir atvikum framkvæmdaleyfi, í samræmi við meginreglur stjórnásluréttarins. Það er fyrst þann 9. ágúst, að skiplagsfulltrúi og umhverfisstjóri Mosfellsbæjar, að óska eftir frekari gögnum um umræddar rannsóknir, með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar 770/2012, þegar boranir eru komnar á lokastig. Það er fyrst nú sem Mosfellsbær telur sig þurfa að meta hvort um sé að ræða framkvæmdaleyfisskyldar boranir og skorti gögn til þess. Sú beiðni er, því miður of seint fram komin með vísna til meginreglu stjórnásluréttarins um málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnáslulaga.

Þrátt fyrir ofanritað vill félagið að sjálfsögðu upplýsa Mosfellsbæ um erindi bréfs bæjarins á eftirfarandi hátt;

Eins og tekið er fram reglugerð 770/2012 sem Mosfellsbær vísar til, að við mat á því hvort framkvæmd telst meiriháttar, skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif. Þessi áhrif eru hverfandi ef nokkur, að mati félagsins, svæði er lítið, sjá kort, auk þess sem landeigendur; Landbúnaðarháskóli Íslands annars vegar og Gunnar Dungal hrossaræktandi í Miðdal hins vegar, hafa ekki gert athugasemdir við boranir í eignarlandi sínu sem fara fram í samráði við þá. Þar sem Mosfellsbæ var og/eða mátti vera kunnugt um fyrirhugaðar boranir, bæði eftir fund félagsins með bæjarstjóra, með afriti af bréfi félagsins til Heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins, opinbera tilkynningu Heilbrigðisnefndar um fyrirhugaðar boranir leit félagið svo á að umrædd framkvæmd væri ekki framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 770/2021, enda framkvæmdin hvorki meiriháttar eða líkleg til að hafa áhrif á umhverfið til breyta ásýnd þess.

Í ofangreindu bréfi Mosfellsbæjar virðist gæta þess misskilnings að fyrirhugað sé að bora á 4000 metra dýpi, sem er alrangt, alls verða boraðir kjarnar, um 4000 metrar samtals að lengd með grönnum stungubor og bergsýni sótt á alltað 500 m dýpi þar sem dýpst er borað, en boraðar eru 21 hola, merktar rautt á meðfylgjandi korti.


Eins Mosfellsbæ má vera kunnugt, annast Bergborun ehf. boranir, með annars vegar stungubor á beltum og hinsvegar á sleða sem hefur takmörkuð og óveruleg áhrif á yfirborð rannsóknarsvæðisins. Komið er í veg fyrir að skiljuvatn mengi umhverfið, með þar til bærnum

hreinsunarútbúnaði. Ekki er um eiginleg borplön að ræða. Um er að ræða borun sem tekur upp bergkvarnir. Lofti notað til að dæla kvörnum upp, með þessari aðferð er ekki notað neitt vatn. Hinsvegar er um kjarnaborun að ræða þar sem vatni er dælt niður í holu til kælingar á bor. Vatninu er dælt í þar til gerða set tanka þar sem borsvarfið fellur til en tæru og hreinu vatni veitt aftur í umhverfið. Borsvarfið er urðað á viðeigandi urðunarstað.

Félagið væntir þess að beiðni Mosfellsbæjar sé hér með svarað á fullnægjandi hátt þannig að sveitarfélagið meti það svo að rannsóknin sé og hafi ekki verið framkvæmdaleyfisskyld. Komist sveitarfélagið að annarri niðurstöðu, yrði sú niðurstaða í besta falli of seint fram komin.

Virðingarfyllst,

F. h. Iceland Resources ehf



Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

Meðfylgjandi.

1. Bréf IR til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, dags. 10 júní 2021.
2. Staðfesting á afrit til Mosfellsbæjar, dags. 11. júní 2021 kl. 15:00.
3. Kort af borholum 2021 og eldri holum.